

# fab CONNECT her

Future Female  
Innovators In STEAM



Samfjármagnað af  
Evrópusambandinu

## Menningarleg sjónarhornskort

Þessi æfing hjálpar þér að bæta menningarlega næmni og aðlögunarhæfni í leiðsögn. Þú notar menningarkort sem lýsa mismunandi aðstæðum, til dæmis þegar skjólstæðingur forðast augnsamband eða er hikandi við að deila endurgjöf. Með því að íhuga hvert tilvik lærir þú að laga samskiptin þín þannig að skjólstæðingnum líði vel og hann finni fyrir virðingu.

Í gegnum þessa æfingu byggir þú upp safn aðferða til að takast á við fjölbreytt menningartengd samskipti. Þú verður meðvitaðri um menningarmun, nálgast aðstæður með skilningi og styrkir sjálfstraust þitt til að skapa leiðsagnarumhverfi sem er opið og innifalandi.

## Ferlið:

Hér fyrir neðan finnur þú safn af menningarkortum með stuttum lýsingum á mismunandi samskiptastílum. Þú getur skoðað, hlaðið niður eða prentað þau til að nota auðveldlega.

- 1. Veldu kort:** Veldu kort, lestu lýsinguna og hugsaðu um fyrstu viðbrögð þín. Til dæmis, ef skjólstæðingur forðast augnsamband, gerirðu ráð fyrir að hann sé áhugalaus eða óvirkur?
- 2. Íhugaðu menningarmun:** Hugleiddu menningarlega þætti sem gætu útskýrt hegðun skjólstæðingsins. Notaðu þekkingu þína eða leiðarvísi til að skilja hvers vegna ákveðin hegðun er eðlileg í ólíkum menningarheimum.
- 3. Gerðu áætlun um svörun:** Skrifðu niður hvernig þú myndir bregðast við skjólstæðingnum í þessari stöðu með áherslu á aðlögun samskipta þannig að honum líði vel og hann finni fyrir virðingu.
- 4. Æfðu með fleiri kort:** Endurtaktu ferlið með fleiri kortum til að þjálf þig og verða sveigjanlegri í menningartengdri leiðsögn.

## Niðurstaða:

Þessi æfing hjálpar þér að þróa menningarlega meðvitund og læra hvernig þú getur aðlagð samskiptastíl þinn til að skapa innifalandi og stuðningsríkt leiðsagnarumhverfi.



### Tilvik 1: Augnsamband

Skjólstæðingurinn þinn forðast að halda augnsambandi í samtölum og lítur oft niður eða til hliðar þegar hann talar.

Hvað heldurðu að þessi hegðun þýði? Hvernig gæti hún haft áhrif á hvernig þú skynjar þátttöku hans?

### Tilvik 2: Þögn í samtölum

Skjólstæðingurinn þinn stoppar oft áður en hann svarar spurningum þínum og talar sjaldan nema þegar hann er beðinn beint um það.

Hvernig túlkarðu þessa þögn? Fær hún þig til að finna fyrir óöryggi eða óvissu um skilning hans?

### STilvik 3: Að gefa og þiggja endurgjöf

Skjólstæðingnum þínum virðist óþægilegt að fá beina endurgjöf og hann gerir lítið úr eigin árangri.

Hvernig gefur þú venjulega endurgjöf? Hvernig gætu menningarleg viðhorf til gagnrýni haft áhrif á viðbrögð hans?

### Tilvik 4: Ákvarðanatökustílar

Skjólstæðingurinn þinn kys að ráðfæra sig við aðra áður en hann tekur ákvarðanir í stað þess að ákveða sjálfstætt.

Hvernig líður þér með þessa nálgun hans? Hvaða þættir gætu haft áhrif á ákvarðanatökufærlið hans?

### Tilvik 5: Ávarpsform og samskiptastíll

Skjólstæðingurinn þinn ávarpar þig á mjög formlegan hátt og forðast óformleg samtöl, jafnvel eftir nokkra fundi.

Hvernig hefur þessi formfesta áhrif á leiðsagnarsamband ykkar? Hvaða menningarlegir þættir gætu haft áhrif á samskiptastíl hans?

### Tilvik 6: Stundvísi og tímaskynjun

Skjólstæðingurinn þinn mætir oft seint á fundi eða biður reglulega um að breyta tímaáætlun.

Hvernig líður þér með þessa nálgun hans á tíma? Hvernig gætu menningarmunur haft áhrif á sýn hans á stundvísi?

### STilvik 7: Tjáning og líkamsmál

Skjólstæðingurinn þinn notar líflegar handahreyfingar og talar hátt í umræðum.

Hvernig skynjarðu eldmóð hans? Passar það við þinn venjulega samskiptastíl?

### Tilvik 8: Viðhorf til valds

Skjólstæðingurinn þinn virðist hikandi við að efast um tillögur þínar eða spyrja spurninga, jafnvel þótt hann sé ósammála.

Hvernig hefur sýn skjólstæðingsins á vald áhrif á þátttöku hans? Hvernig geturðu hvatt til opins samtals?